

**Sameiginleg yfirlýsing
atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Samkeppniseftirlitsins
um samkeppnismál.**

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samkeppniseftirlitið bera ábyrgð á framkvæmd og framþróun samkeppnisreglna á Íslandi og vinna að því að efla virka samkeppni á sem flestum sviðum og skjóta þannig sterkari stöðum undir samkeppnishæfni þjóðarinnar, traust efnahagslíf og velsæld almennings. Í yfirlýsingu þessari er fjallað um hlutverk ráðuneytisins og eftirlitsins við framkvæmd og mótu samkeppnisлага og reglulegum samskiptum vegna þessa settur rammi.

Yfirlýsingin er liður í framkvæmd stefnumótunar og árangursmats sem liggur til grundvallar fjármálastefnu og fjármálaáætlunar samkvæmt lögum um opinber fjármál.

I. Hlutverk atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis og Samkeppniseftirlitsins

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fer með framkvæmd samkeppnismála í Stjórnarráði Íslands og málefni Samkeppniseftirlitsins. Ráðuneytið tekur afstöðu til og undirbýr breytingar á samkeppnislögum og ráðherra leggur frumvörp þar um fyrir ríkisstjórn og Alþingi. Þá ber ráðherra ábyrgð á fjárhheimildum Samkeppniseftirlitsins gagnvart ríkisstjórn og Alþingi.

Ráðherra skipar stjórn Samkeppniseftirlitsins til fjögurra ára í senn.

Samkeppniseftirlitið

Samkeppniseftirlitið annast framkvæmd samkeppnisлага. Aðalviðfangsefni eftirlitsins greinast í eftirfarandi þætti:

- að framfylgja boðum og bönnum samkeppnisлага og eftir atvikum 53. og 54. gr. EES-samningsins.
- að ákveða aðgerðir gegn samkeppnishamlandi aðstæðum eða hegðun fyrirtækja og opinberra aðila, í samræmi við samkeppnislög.
- að gæta þess að aðgerðir opinberra aðila takmarki ekki samkeppni og benda stjórnvöldum á leiðir til þess að gera samkeppni virkari og auðvelda aðgang nýrra aðila að markaði.
- að fylgjast með þróun á samkeppnis- og viðskiptaháttum á einstökum mörkuðum í íslensku viðskiptalífi og kanna stjórnunar- og eignatengsl milli fyrirtækja.

Samkeppniseftirlitið rækir þessi verkefni með því að fylgja ákvæðum samkeppnisлага eftir, en kappkostar jafnframt að leiðbeina fyrirtækjum og opinberum aðilum með virkri upplýsingamiðlun og samskiptum.

Samkeppniseftirlitið er sjálfstæð stofnun. Með yfirstjórn þess fer stjórn, sem sækir umboð sitt til ráðherra og ber ábyrgð gagnvart honum. Hlutverk stjórnar er að móta áherslur í starfi og fylgjast með starfsemi og rekstri Samkeppniseftirlitsins. Stjórnin ræður forstjóra sem annast daglega stjórn stofnunarinnar. Meiri háttar efnislegar ákvarðanir skulu bornar undir stjórn til samþykktar eða synjunar.

Samkeppniseftirlitið tekur ákvarðanir um hvaða málefni eru tekin til rannsóknar og raðar málum í forgangsröð, sbr. 3. mgr. 8. gr. samkeppnisлага. Ákvarðanir Samkeppniseftirlitsins er hægt að bera undir áfrýjunarnefnd samkeppnismála og/eða dómkortla og koma einstakar ákvarðanir eftirlitsins ekki til umfjöllunar ráðuneytisins.

II. Markmið og áherslur

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið mótar stefnu á málefnaviðum samkeppnismála í fjármálastefnu og fjármálaáætlun, samkvæmt lögum um opinber fjármál. Við móton fármálastefnu og fjármálaáætlunar er höfð hliðsjón af áherslum sem stjórn Samkeppniseftirlitsins hefur gefið út.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið stuðlar að því að á hverjum tíma sé umgjörð samkeppnismála þannig úr garði gerð að markmið samkeppnisлага geti náð fram að ganga. Í því felst m.a. að ráðuneytið leitast við að tryggja að rekstrarsvigrúm Samkeppniseftirlitsins geri því kleift að annast framkvæmd samkeppnisлага, bregðast við tímabundnu á lagi og uppfylla markmið sem sett eru fram í fjármálastefnu og fjármálaáætlun.

Samkeppniseftirlitið

Samkeppniseftirlitið kappkostar í öllu sínu starfi að nýta þau úrræði sem því eru falin til þess að ná fram markmiðum samkeppnisлага. Jafnframt kappkostar stofnunin að nýta eins vel og kostur er þá fjármuni sem ætlaðir eru til starfseminnar.

Samkeppniseftirlitið byggir starfsemi sína á skýrri stefnumótun sem reglulega er tekin til endurskoðunar. Tekur stefnan til 1) verkefna og afraksturs þeirra, 2) innri ferla, 3) mannauðs og 4) fjárhagslegs reksturs.

Á hverju ári mótar Samkeppniseftirlitið áherslur næstu þriggja ára. Áherslurnar taka mið af stefnumótun eftirlitsins samkvæmt framangreindu og þeim stefnumiðum sem sett eru fram í fjármálastefnu ríkisstjórnar og gildandi fjármálaáætlun hverju sinni. Við móton áherslina horfir Samkeppniseftirlitið til líklegra áskorana framundan sem m.a. geta leitt af stöðu efnahagsmála, framþróun og stöðu á einstökum mörkuðum eða sviðum atvinnulífsins, eða beitingu samkeppnisreglna á evrópska efnahagssvæðinu.

Samkeppniseftirlitið framfylgir stefnu og áherslum með því að setja sér markmið og leitast við að setja markmiðum sínum mælikvarða sem reglulega er fylgst með.

Eftirlitið gerir opinberlega grein fyrir starfsemi sinni, m.a. með útgáfu ársskýrslu. Eftirlitið er virkur þáttakandi í opinberri umfjöllun um samkeppnismál og kappkostar í starfsemi sinni að efla þekkingu á samkeppnisreglum á meðal fyrirtækja og almennings. Þá leitast Samkeppniseftirlitið við að auka skilvirkni í starfsemi sinni, m.a. með því að nýta upplýsingataækni til að auðvelda fyrirtækjum og almenningi samskipti við stofnunina.

Samkeppniseftirlitið kappkostar að styrkja yfirsýn og efla skilvirkni í stjórnsýlu með samskiptum og samstarfi við stofnanir á vettvangi atvinnulífs, s.s. á sviði efnahagsmála, efnahagsbrota, sértæks eftirlits með mörkuðum og neytendamála.

III. Erlent samstarf og alþjóðaskuldbindingar

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið fylgist með þróun löggjafar á sviði samkeppnisréttar erlendis, m.a. hjá Evrópusambandinu og innan evrópska efnahagssvæðisins. Þá leiðir ráðuneytið þáttöku Íslands á vettvangi samkeppnismála innan EFTA og við gerð alþjóðasamninga á þessu sviði.

Samkeppniseftirlitið

Samkeppniseftirlitið tekur þátt í þróun samkeppnisréttar og starfsemi samkeppniseftirlita á alþjóðlegum vettvangi með það að markmiði að framfylgja alþjóðasamingum og nýta og miðla reynslu af og þekkingu á samkeppnismálum. Í því skyni tekur eftirlitið m.a. þátt í eftирgreindu samstarfi á vettvangi samkeppnismála:

- Samskiptum við Eftirlitsstofnun EFTA, þ.á m. vegna framkvæmdar samkeppnisreglna EES-samningsins hér á landi og annað samstarf á vettvangi samkeppnismála.
- Samstarfi samkeppniseftirlita í Evrópu, einkum á vettvangi framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins (European Competition Network).
- Samstarfi samkeppniseftirlita á Norðurlöndum og framkvæmd samnings um samstarf á sviði samkeppniseftirlits milli Norðurlandanna.

- Samstarfi samkeppniseftirlita og umfjöllun um samkeppnismál á vettvangi Efnahags- og framfarastofnunarinnar (OECD).
- Samstarfi samkeppniseftirlita og umfjöllun um samkeppnismál á vettvangi Alþjóðasamtaka samkeppniseftirlita (International Competition Network).

IV. Rekstur

Samkeppniseftirlitið leitast við að hámarka hagkvæmni í rekstri eftirlitsins og nýta vel þá fjármuni sem stofnunin fær.

Ráðuneytið og Samkeppniseftirlitið fjalla árlega um fjárhagslegt svigrúm stofnunarinnar til þess að sinna lögbundnu hlutverki sínu. Ráðuneytið kappkostar að tryggja eftirlitinu nauðsynlegt svigrúm til að ráðast í óvæntar og/eða óvenjulega umfangsmiklar rannsóknir án þess að það komi niður á yfirstandandi rannsóknum.

V. Regluleg samskipti

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og Samkeppniseftirlitið kappkosta að framfylgja markmiðum samkeppnislaga og stuðla að skilvirkni í framkvæmd þeirra. Í þessu skyni hafa ráðuneytið og Samkeppniseftirlitið samskipti eins og þurfa þykir, en að lágmarki með eftifarandi hætti:

	Ráðuneyti	Samkeppniseftirlitið
Nóvember		Send drög að fjárhags- og rekstraráætlun næsta árs, byggt á frumvarpi til fjárlaga.
Nóvember/ desember		Endurskoðar áherslur stjórnar til næstu þriggja ára. Í henni er gerð grein fyrir áætlun markmiða í fjármálaáætlun næsta tímabilis (þ.a.m. stefnumiðuð áætlun).
Desember	Fjárveitingarbréf sent í samræmi við lög um opinber fjármál.	
Janúar		Sendar upplýsingar um rekstrarstöðu stofnunar m.v. áramót og frágengin rekstraráætlun nýhafins árs.
Febrúar		Ársskýrsla gefin út á heimasíðu. Hefur m.a. að geyma umfjöllun sem nýtist í ársskýrslu ráðherra vegna fjármálaáætlunar.
–		Sett fram sjónarmið til undirbúnings næstu fjármálaáætlun/- –stefnu, m.a. byggt á nýsamþykktum áherslum. Gerð grein fyrir samræmi milli verkefna og fjárheimilda.
Febrúar / mars	Fundur ráðherra með Samkeppniseftirlitinu þar sem fjallað er um; 1) starfsemi Samkeppniseftirlitsins á undanliðnu ári, 2) áherslur Samkeppniseftirlitsins til næstu þriggja ára, 3) móton markmiða næstu fjármálaáætlunar um samkeppnismál, 4) stöðu löggjafar á vettvangi samkeppnismála (samkeppnislög, samkeppnismat reglna í atvinnulífinu o.fl.) og 5) samræmi milli verkefna og fjárheimilda.	
Júní	Birt ársskýrsla ráðherra	
Ágúst		Gerð grein fyrir stöðu rekstrar m.t.t. fjárheimilda
September/ október	Fundur ráðuneytis og Samkeppniseftirlitsins um stöðu rekstrar m.t.t. fjárheimilda og mögulegar aðgerðir ef tilefni er til.	

VI. Endurskoðun

Yfirlýsing þessi skal endurskoðuð þegar nauðsyn ber til og eigi síðar en að fimm árum liðnum.

20. ágúst 2021.

Þórdís Kolbrún Reykfjörð Gylfadóttir

Sveinn Agnarsson